

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/24/ESB

2014/EES/54/79

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði félagaréttar vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

- 3) Því ætti að breyta tilskipunum 78/660/EBE⁽¹⁾, 83/349/EBE⁽²⁾, 2009/101/EB⁽³⁾, 2009/102/EB⁽⁴⁾, 2011/35/ESB⁽⁵⁾ og 2012/30/ESB⁽⁶⁾ til samræmis við það.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

I. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 2009/101/EB, 2009/102/EB, 2011/35/ESB og 2012/30/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

- 1) Með hliðsjón af 50. gr. laga um aðild Króatíu, ef aðlögunar er þörf, vegna aðildarinnar, á gerðum sem stofnanirnar samþykktu fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í þeim lögum um aðild eða viðaukum við þau skal ráðið, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja í þessu skyni nauðsynlegar gerðir, ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.
- 2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgera þær og uppfæra, ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

- (¹) Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11). Athugasemd ritsjórnar: Titli tilskipunar 78/660/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
- (²) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983, byggð á g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um samstæðureikningssskil (Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1). Athugasemd ritsjórnar: Titli tilskipunar 83/349/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
- (³) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11). Athugasemd ritsjórnar: Titli tilskipunar nr. 2009/101/EB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 48. gr. sáttmálans.
- (⁴) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/102/EB frá 16. september 2009 á sviði félagaréttar um einkahlutafélög eins aðila (Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 20).
- (⁵) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/35/ESB frá 5. apríl 2011 um samruna hlutafélaga (Stjtið. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 1).
- (⁶) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB frá 25. október 2012 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 365. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, biður birtingar.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Sambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Sambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

S. COVENEY

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

FÉLAGARÉTTUR

1. Í 1. gr. tilskipunar 2009/101/EB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:
„— Króatía:
dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću, .
2. Í I. viðauka við tilskipun 2009/102/EB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:
„— Króatía:
„društvo s ograničenom odgovornošću, dioničko društvo, .
3. Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2011/35/ESB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:
„— Króatía:
— dioničko društvo, .
4. Í I. viðauka við tilskipun 2012/30/ESB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:
„— Króatía:
dioničko društvo, .

B-HLUTI

REIKNINGSSKILASTADLAR

1. Ákvæðum 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 78/660/EBE er breytt sem hér segir:
 - a) eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið:
„— í Króatíu:
dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću. ,
 - b) eftirfarandi málsliður bætist við aðra undirgrein:
„ab) í Króatíu:
javno trgovačko društvo, komanditno društvo, .
2. Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 83/349/EBE bætist eftirfarandi við fyrstu undirgrein:
„ab) í Króatíu:
dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću. .